

Siðareglur Tryggingastofnunar

Tilgangur siðareglna er að stuðla að heiðarleika, réttsýni og sanngirni starfsmanna gagnvart hverjum öðrum og viðskiptavinum. Þær eiga að efla traust og tiltrú viðskiptavina og almennings á TR. Forðast skal hagsmunaárekstra, gæta þagmælsku og varðveita trúnaðarupplýsingar, sbr. öryggisstefnu TR. Starfsmenn skulu vera meðvitaðir um að rýra ekki álit stofnunarinnar með athöfn eða aðgerðaleyfi. Vísað er í starfsreglur og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins vegna ábyrgðar og viðurlaga. Stjórnendur bera ábyrgð á því að þessum reglum sé fylgt.

- Sýna skal árvekni og reglusemi í starfi með hag TR og viðskiptavina fyrir augum. Sérhvert verkefni skal leyst af vandvirkni og samviskusemi.
- Óheimilt er að skýra óviðkomandi frá málefnum TR eða einstakra viðskiptavina. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.
- Öll trúnaðarskjöl um viðskiptavinum skulu meðhöndluð og varðveitt með þeim hætti að þau glatist ekki eða liggi óvarin. Það á einnig við um fjölföldun, tölvuskráningu og eyðingu skjala. Trúnaðarbrestur getur skapað TR skaðabótaskyldu.
- Óheimilt er að nýta trúnaðarupplýsingar, sem starfsmenn öðlast í krafti stöðu sinnar, nema í þágu starfa fyrir TR.
- Allir viðskiptavinir eiga rétt á sömu þjónustu og upplýsingum vegna sömu/svipaðra þarfa. Sýna ber lipurð og trúmennsku í samskiptum við þá. Ekki skal farið í manngreinarálit á grundvelli kynferðis, aldurs, kynþáttar, þjóðernis, andlegs eða líkamlegs ástands þeirra.
- Gæta skal sanngirni og réttsýni í samskiptum við stofnanir eða fyrirtæki, hvort sem er hér á landi eða erlendis.
- Starfsmenn bera ábyrgð á því að viðhalda faglegrri þekkingu sinni og efla hana.
- Starfsmenn skulu leitast við að leiðbeina hver öðrum eins og tók eru á og temja sér gagnkvæma kurteisi og drengilega framkomu.
- Stjórnendur skulu sjá til þess að starfsmenn hafi viðunandi skilyrði til að sinna starfi sínu á árangursríkan hátt.
- Starfsmenn eru hvattir til að taka þátt í félagsmálum sem stuðla að bættem hag starfsmanna en forðast hugsanlega hagsmunaárekstra.
- Óheimilt er að þiggja verðmætar gjafir af viðskiptavinum og/eða hagsmunaaðilum. Sömuleiðis er óheimilt að þiggja boðsferðir innanlands og til útlanda nema með sérstöku samþykki forstjóra.
- Starfsmenn skulu í ræðu og riti ávallt taka skýrt fram hvenær talað er fyrir hönd TR og hvenær lýst er persónulegum skoðunum. Þess skal gætt að rýra ekki álit TR.
- Starfsmenn sem vinna við auglýsingar, fræðsluefni og kynningarmál fyrir TR skulu fylgja siðareglum um auglýsingar. Starfsmönnum er hvorki heimilt að koma fram í auglýsingum annarra fyrirtækja/stofnana né nota aðstöðu sína í TR til framdráttar eða kynningar einstökum viðskiptafyrirtækjum eða málefnum viðskiptalegs eðlis.
- Verði starfsmaður var við brot á þessum siðareglum ber honum að tilkynna það til stjórnanda eða forstjóra.
- Siðareglur þessar taka gildi 1. desember 2005 og verða endurskoðaðar eigi síðar en 1. desember árið 2008.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

- Forstjóri -